


	Bls.
Sigurjón Björnsson: Vísnamál	1
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Safnahús Skagfirðinga: Ársskýrsla 1987	6
Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skag. 1987	8
Úr Héraðsskjalasafni: Af Hálfani Kristjánssyni	11
Hver er maðurinn?	25

12. árgangur 1988

safna mál



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMLXXXVIII

Vísnamál

Nokkrar lausavísur eftir Bjarna Gíslason

Í 8. árg. Safnamála ritar Hannes Pétursson dálítinn þátt um Bjarna Gíslason og vísnaverð hans, *Þrjár stökur á hrakningi*. Vísast til þessa þáttar um nokkur æviatriði Bjarna. Hér fer á eftir sýnishorn kveðskapar hans.

Ef mér veikum yfirsést
— andúð kveiki nærri —
þá mér reika þykir best
þrasi og leikjum fjarri.

— — —

Eins og sær mót sólu skær
og silfurtær er lindin
af ungri mær í huga hlær
hjartakæra myndin.

— — —

Angursmáti ei alltaf má
ærsl og spjatur leyna.
Margoft grátinn gekk ég frá
gleðilátum sveina.

— — —

Hljómar málið hveltt sem stál,
hrærast sálarstrengir.
Gleymist tál við gígjubál.
Glaðir skálum, drengir.

— — —

Meðan rís hér sól úr sjá
og sundin lýsir yfir,
frægri Ísafoldu á
ferskeytt vísa lifir.

— — —

Hér eins lengi og heyrast ljóð
henni drengir flíka,
því að engin önnur þjóð
á sér strengi slíka.

Eftir að Bjarni fluttist vestur í Dali orti hann tvönn eftirmæli, að
því mér er kunnugt. Ekki veit ég hvort það var í gamni eða alvöru
eða hvort mennirnir voru lífs eða liðnir.

Sat hann jafnan sinn við keip
samninga í gjörðum.
Fáir sóttu gull í greip
Guðmundar frá Skörðum.

— — —

Beitti fram á elliár
undirferli og rógi.
Öfundsjúkur, aurasál
Ólafur frá Skógi.

Hér kveður svo við annan tón:

Þó hin björtu barnaspil
brothætt veiti gaman.
Móður eiga ei allir til,
er þeim heldur saman.

— — —

Oft mér sparkað ungum var
út á dyr sem hraki.
Heiminn lærði ég þekkja þar,
þó að hurðarbaki.

Tilfni næstu vísna veit ég ekki, en nokkuð má geta sér til um það
eftir efninu:

Dú átt vinur valinn óð,
víða hann mun skarta,
en ég get ekki lagað ljóð,
sem liggja á þínu hjarta.

— — —

Hér ég aleinn er að sjá
upp í dalabænum
eins og kalið ýlustrá
eitt á bala grænum.

— — —

Óskar býður upp í dans,
öll hann gæfa styður.
En ástarfríðu fræin hans
falla of víða niður.

Marga svinna mey ég sá
mörgum sinnum fegri,
mun þó finna fæstum hjá
faðmlög innilegri.

Bjarni átti heima á Sjávarborg um sinn. Þá orti hann um kaupakonu þar tvær eftirfarandi vísur:

Hrærist blóð við handtak þitt,
hrindir móð úr dvala.
Eina ljóðayndið mitt
ertu, góða Vala.

Ólgar heitur ástar hver,
enginn veit þótt sjóði.
Hugur leita hingað fer,
hjartað sveitist blóði.

Ekki er vitað, hver á þessa sneið:

Ástalíf ég þekki þitt,
það er alkunn saga.
Þú hefur mörgum stráknum styt
stundir nokkra daga.

Elivoga-Sveinn bætti við:

Flestir af þeim fengu nóg,
fjörug varstu á kveldin.
Litla veitir lyndisró
að leika sér við eldinn.

Óvíst er, hvort eftirfarandi vísur eru samstæðar.

Farnar eru að fækka þrár,
finnst mér vonum hraki.
Þrjátíu og átta ár
eru mér að baki.

Eg hef látið lausan taum,
lítt með gát á strengjum,
og úr máta undan straum
ýzt með kátum drengjum.

Hefur skeikað hæfni þrátt,
hugur reikað víða.
En að leika lokaþátt
lítt mér eykur kvíða.

Villir sjónir veröld flá,
veldur tjóni og þrautum;
þykka skóna þarftu á
þyrnigrónum brautum.

Á mér traustið eg hef misst,
allt er laust og bundið.
Farið að hausta innst og yzt;
ekkert naustið fundið.

Sigurjón Björnsson.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1987

Héraðsbókasafnið hafði sinn opnunartíma óbreyttan frá fyrri árum, 16 stundir, 5 daga vikunnar. Mánudaga til miðvikudaga kl. 16-19, fimmtudaga kl. 19.30-22 og föstudaga kl. 14-18.30. Yfir sumarleyfistímamann í júlí og ágúst var þó einungis opið á mánudögum og fimmtudögum á fyrrgreindum tímum.

Lánþegum fækkaði talsvert frá fyrra ári, urðu alls 495 (575). Barnaskírteini urðu 121 (164), en fullorðinsskírteini 374 (411). Gjald fyrir skírteini var 375 kr. fyrir fullorðna, en 125 kr. fyrir börn og lífeyrisþega. Sektargjald var ein króna á bók fyrir hvern vanskiladag, óbreytt frá fyrra ári, sömuleiðis reglur um lánstíma og fjölda bóka.

Gestir, sem fengu lánaðar bækur í safninu, urðu alls 7.043 (7.836), 1.643 (1.897) börn og 5.370 (5.939) fullorðnir. Útlánnum fækkaði því enn, og hefur sú þróun gengið yfir landið allt. Þau urðu alls 28.104 bindi (31.174) eða um 10% færri en í fyrra. Hafa heildarútlán alls minnkað um 25% frá því mest var 1982, áður en myndbandavæðingin gekk í garð. Skipting útlánanna er þannig, að barnabókaútlán urðu 5.629 (6.534), en bækur fyrir fullorðna 22.475 (24.640). Nánar greinist þetta þannig niður, að skáldsögur urðu 21.892, en flokkabækur 6.141, tímarit og fræðibækur af lestrarsal 55 og blindrabækur 16.

Lán til skipa urðu 434, en til lestrarfélaga og skóla fóru 50 bindi.

Í safnið bættust 500 bindi á árinu og skráð númer í árslok voru 22.000.

Ýmsir urðu til að buga safninu bókum og tímaritum og eru þeim öllum færðar beztu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftan við.

Safnamál . 6

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Salir Safnahússins voru sem fyrr leigðir til fundahalda og annarrar starfsemi. Bæjarstjórn hélt hér 21 fund og sýslunefnd 4. Aðrir fundir urðu samtals 41. Kjörfundur alþingiskosninga fór hér fram og 8 daga verkstjórnarnámskeið. Sögufélag Skagfirðinga hélt 200 manna kaffisamsæti í tilefni 50 ára afmælis síns 24. október. Hans Christiansen sýndi vatnslitamyndir í Sæluviku á vegum Safnahússins og Listasafns Skagfirðinga, aðrar sýningar urðu ekki. Tónlistarmenn komu og frömdu list sína. Egill Ólafsson reið á vaðið, en síðan komu Diddú, Þórólfur Stefánsson, Örn Magnússon, Kristinn Sigmundsson, Hörður Torfason og Þorsteinn Gauti. Auk þess hélt Tónlistarskólinn nokkra nemendatónleika.

Tveir fræðimenn, Skúli Magnússon og Ásgeir Björnsson, komu til nokkurra daga dvalar í fræðimannsherbergi hússins.

Elsa Valdimarsdóttir hætti á haustdögum ræstingu í húsinu og var Sólveig Júlíusdóttir ráðin í hennar stað. Annað starfslið var óbreytt, Hjalti Pálsson bókavörður og forstöðumaður Safnahúss, Kristmundur Bjarnason skjalavörður og Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni.

Stjórn safnanna var óbreytt frá fyrra ári.

Hj. P.

Gefendur til Héraðsbókasafnsins:

Anna Pálsdóttir, Lágmúla.

Ari Jóhann Sigurðsson, Ármúla.

Ebba Kristjánsdóttir, Kvistahlíð 1, Sauðárkróki.

Guðmundur Sigurðsson, Freyjugötu 38, Sauðárkróki.

Guðrún Gunnlaugsdóttir, Dvalarheimili aldraðra, Sauðárkróki.

Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.

Orlofsnefnd Sambands skagfirzkra kvenna.

Pála Pálsdóttir, Víðigrund 8, Sauðárkróki.

Sigurður Björnsson, Hagafliöt 4, Garðabæ.

Sigurjón Sveinsson, Öldustíg 11, Sauðárkróki.

Skúli Magnússon, Vesturgötu 44, Keflavík.

Snorri Evertsson, Víðihlíð 31, Sauðárkróki.

Safnamál . 7

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1987

Á árinu 1987 var sem fyrr unnið að skráningu handrita og flokkun skjalgagna. Nauðalítið barst safninu af sýslunargögnum, var það að vonum, því að svo mikið hefur að því sópast á undanförunum árum. Hins vegar hlaut handrita- og ljósmyndasafn marga gjöfina eins og að undanförunu.

Jón Ingimarsson skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneyti gaf öll varðveitt handrit móður sinnar, Elínborgar Lárusdóttur rithöfundar; auk þess nokkurt bréfasafn.

Marteinn Ág. Sigurðsson, Gilá, A.-Hún., hefur á undanförunum árum fært safninu að gjöf fjölda handrita frá 18. og 19. öld.

Árni Gíslason í Eyhildarholti sendi safninu kassa mikinn fullan handrita frá 19. öld (að mestu), og verður ekki upp talið hér efni þeirra blaða allra.

Ofangreindum gefendum og öllum þeim mörgu, sem hlúð hafa að Héraðsskjalasafni Skagfirðinga með gjöfum á síðastliðnu ári eru færðar beztu þakkir.

Loks er að geta þess, að svo illa tókst til í skrá um gefendur í Safnamálum í fyrra, að nafn Magnúsar H. Gíslasonar frá Frostastöðum, nú blaðamanns í Reykjavík, féll niður. Var glópska sú því óheppilegri, þeim mun meir sem safnið á honum upp að inna. Trúlega hefur enginn verið honum stórgjöffulli á handrit. Þau eru þung á metum í tvennum skilningi. Um leið og Magnúsi eru færðar þakkir, bið ég hann virða mér til betri vegar.

Um árabil hefur Héraðsskjalasafn Skagfirðinga átt hauk í horni þar sem er Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga. Sjóðurinn hefur styrkt safnið myndarlega, nú síðast með 60 þúsund króna

styrk til skráningar handrita, einkum til lykilskráningar (mannanafnalykils). Safnið þakkar rausn og hlýhug.

Skráðir gestir safnsins reyndust 662; erindi utan afgreiðslutíma 275. Afgreiðslutími var — og er — kl. 1-4 á mánudögum, 8-10 (20-22) á fimmtudögum og 2-6 á föstudögum; á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Kristmundur Bjarnason.

Skrá um gefendur 1987:

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ártúni 9, Sauðárkróki.
Árni Gíslason, Eyhildarholti, Skag.
Ásdís Jóhannesdóttir, Silfurteigi 2, Reykjavík.
Bjarni Harðarson, Hverfisgötu 106, Reykjavík.
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.
Björn Jónsson, Bæ, Höfðaströnd.
Björn Jónsson, Swan River, Man., Kanada.
Egill Helgason, Skógargötu 17, Sauðárkróki.
Franch Michelsen, Áltamýri 65, Reykjavík.
Geir S. Björnsson, Goðabyggð 4, Akureyri.
Guðbrandur Þ. Guðbrandsson, Grundarstíg 3, Sauðárkróki.
Guðbrandur Magnússon, Hlíðarvegi 3c, Siglufirði.
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.
Guðrún Gunnlaugsdóttir, Laufskálum, Skag.
Halldór J. Jónsson, Þjóðminjasafni Íslands, Reykjavík.
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Bessastaðahreppi.
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
Hólmfríður Jónasdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki.
Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg, Skag.
Hólmsteinn Jóhannesson, Þorleifsstöðum, Skag.
Ingi V. Jónasson, Háuhlíð 5, Sauðárkróki.
Ingibjörg Jónsdóttir, Marbæli, Seyluhr., Skag.
Ingimar Jóhannsson, Suðurgötu 9, Sauðárkróki.
Jón Ingimarsson, Vesturbrún 12, Reykjavík.
Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki.
Kristbjörg Guðmundsdóttir, Hlíðarstíg 1, Sauðárkróki.
Leó Jónasson, Svanavatni, Skag.

Magna Sæmundsdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri.
 Marteinn Ág. Sigurðsson, Gilá, A.-Hún.
 Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki.
 Ólafur Lárusson, Skarði, Skag.
 Ottó A. Michelsen, Litlagerði 12, Reykjavík.
 Rósmundur Ingvarsson, Hóli, Lýt., Skag.
 Sesselja Ólafsdóttir, Skagfirðingabraut 39, Sauðárkróki.
 Sigmundur Magnússon, Vindheimum, Skag.
 Sigríður Jónsdóttir, Smáragrund 17, Sauðárkróki.
 Sigríður Sigurðardóttir, Stóru-Ökrum, Skag.
 Sigrún Pétursdóttir, Bessastöðum, Álftanesi.
 Sigurbjörg Halldórsdóttir, Brekkukoti, Óslandshlíð, Skag.
 Sigurður Björnsson, Hagafliot 4, Garðabæ.
 Sigurlaug Jónsdóttir, Suðurgötu 2, Sauðárkróki.
 Símon Gestsson, Ketilási, Skag.
 Skúli Br. Steinþórsson, Tjarnarflöt 1, Garðabæ.
 Snorri Ingimarsson, Ásgarði, Skag.
 Sveinbjörg Guðmundsdóttir, Bollagörðum 7, Seltjarnarnesi.
 Sveinn Guðmundsson, Suðurgötu 6, Sauðárkróki.
 Valborg Hjálmarsdóttir, Skólastíg 1, Sauðárkróki.

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða skrifuðum gögnum án samráðs við safnaverðina. Látið söfnin njóta þess, sem nýtilegt kann að vera. Þau gera orð skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja ekki nýta:
 Í arinskerslum leynist löngum lagleg spýta.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga.

Úr Héraðsskjalasafni

Af Hálfðani Kristjánssyni
 eftir Jóhann Ólafsson í Miðhúsum

Jóhann Ólafsson fæddist í Grafargerði á Höfðaströnd 13. september 1891. Foreldrar hans voru hjónin Engilræð Kristjánsdóttir og Ólafur Kristjánsson, sem bjuggu á ýmsum bæjum í Hofshreppi. Jóhann var búfræðingur frá Hólum, kynnti sér síðan dýralækningar og stundaði lengi með búskapnum. Kona Jóhanns var Guðleif Jóhannsdóttir, fædd 25. júlí 1880. Lengst bjuggu þau hjón í Miðhúsum í Óslandshlíð eða 1936-1970. Jóhann var maður vel að sér og góður hagyrðingur, svo sem marka má af grein, sem Kristján Jónsson á Óslandi ritaði um hann í 13. árg. Skagfirðingabókar. — Eftirfarandi þátt skrifaði Jóhann að beiðni minni 1969 og færði mér að gjöf.

K. B.



*Jóhann Ólafsson,
 Miðhúsum.*

Hálfðan Kristjánsson var fæddur 25. maí 1857 á Selhólum í Gönguskörðum, dáinn 1934. Foreldrar hans voru Kristján Jónsson og Guðrún Þorlákisdóttir, Jónssonar bónda á Grundarlandi í Unadál. Þorlákur, faðir Guðrúnar, var albróðir Gunnlaugs Jónssonar

fræðimanns og annálsritara á Skuggabjörgum í Deildardal, og er það alkunnur maður.*

Þegar Hálfðan er 4 ára, flytja foreldrar hans austur fyrir Héraðsvötn, í Hofshrepp, og eru lengst í Hofsgærði, sem var hjáleiga frá Hofi og stendur vestan við Hofsa gegnt Hofi (nú í eyði). Í Hofsgærði elzt svo Hálfðan upp hjá foreldrum sínum þar til móðir hans deyr 1873. Eftir það varð hann að flytja úr foreldrahúsum og sjá um sig sjálfur. Lendir hann þá á ýmsum stöðum og í misjöfnum vistum eins og gekk og gerðist.

Hálfðan hneigðist snemma að sjómennsku og var farinn að stunda sjóróðra, áður en hann fór að heiman alfarinn. Um tvítugsaldur réðist hann á fiskiskútu, sem kallað var, og stundaði veiðar á fiskiskipum um mörg ár víðs vegar kringum landið, bæði frá Austfjörðum og Vestfjörðum og víðar. Þótti hann góður sjómaður og var eftirsóttur fyrir dugnað og ósérhlífni, stóð oft fleiri vaktir hvíldarlaust, ef mikið var um fisk, og sá ekki á honum gúgnun, enda var Hálfðan þrekmaður og kappsamur, og fylgdi þar nokkur metnaður.

Eftir að Hálfðan fór að heiman og tók að stunda veiðar á fiskiskipum víðs vegar, hneigðist hann að vindrykkju og var óreglumaður um skeið. Varð hann þá talsvert aðsópsmikill og nokkuð á lofti eða góður með sig sem kallað er. Sagði hann þá allríflega frá ýmsum ævintýrum sínum, en aldrei heyrði eg, að hann hefði verið skylmingagjarn.

Ekki gekk hann á leiðir annarra í vináttuleit, en trölltryggur ef vinátta tókst. Þungur var hann fyrir, ef hann mætti aðkasti og lét sinn hlut ógjarnan, enda talsvert fær að standa fyrir sínu máli.

Frá Bolungarvík stundaði Hálfðan veiðar um skeið. Bar þá nokkuð á honum í landlegum og fékk sér þá í staupinu. Orti þá einhver Bolvíkingur um hann þessa vísu:

Glaums á stigum gjarnan er
grófur lygaraftur.

* Skv. ábendingu Guðmundar Sigurðar Jóhannssonar ættfræðings var Þorlákur ekki bróðir Gunnlaugs annálaritara á Skuggabjörgum. Hann var fæddur um 1792 á Grindum í Deildardal, sonur Jóns Guðmundssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, búandi hjóna þar. — K.B.

Hár og digur hreykir sér
Hálfðan strigakjafur.

Hálfðan var jafnaðarlega í strigafötum yzt klæða til þess að hlífa öðrum fatnaði, en gætti þess ekki ætíð að fara úr þeim þó í land kæmi. Einhver varð til þess að láta Hálfðan heyra framangreinda stöku. Gaf þá Hálfðan yfir útsláttinn með eftirfarandi vísu:

Með ljótan haus og lítið vit, en langa fingur.
Sannleiksmennta og sómaringur,
sjáðu — það er Bolvíkingur.

Á þeim árum þóttu Bolvíkingar gripdeildarsamir, og fannst Hálfðani þeir andlega þunnir og sýna lítinn menningarbrag í framkomu og umgengni. Sagði hann mér frá því á síðari árum sínum.

Hálfðan giftist 1897 Ingunni Magnúsdóttur, að mig minnir fæddri 4. jan. 1877. Held, að hún hafi verið ættuð frá Kambhóli nálægt Reykjavík; er það kot nú sjálfsagt horfið. Þegar þau hjón kynntust, var Ingunn vinnukona hjá Páli Ólafssyni skáldi á Hallfredarstöðum. Sagði hún mér margt af minningum sínum þaðan.

Skömmu eftir að Hálfðan og Ingunn giftust, fluttust þau til Saudárkróks og reistu þar heimili. Voru þau þá algerlega efnalaus, lítið um vinnu, aðeins um veiðiskap að ræða, sem gekk þó misjafnlega eins og verið hefur bæði fyrr og síðar. Þegar börnunum fjölgaði fór svo, að þau urðu ekki sjálfbjarga efnalega og þurftu á aðstoð að halda nokkur ár, og sagði Hálfðan mér, að það hefði verið sú þyngsta byrði, sem á sig hefði verið lögð, og þá fyrst hefði skrápurinn komið út á sér, eins og hann orðaði það. Þegar börnin fóru að komast upp, batnaði efnahagurinn. Gat þá Hálfðan eignast bát, sem hann stundaði veiðar á sjálfstætt. Réri þá konan með honum og mörg vor til Drangeyjar. Plokkaði þá Ingunn fuglinn, sveið og saltaði niður; sérstaklega var það þó seinni part vertíðar.

Ingunn var framúrskarandi þrek- og dugnaðarkona og hugsaði vel um að vinna heimilinu, þó ekki væri hægt að segja, að allt væri

í tízkusniðum. Ollu því bæði annir, þröngt húsnæði og barnabrek í umgengni æskunnar. Gestagangur var svo mikill, að undrum sætti, hvað mörgum gestum var hægt að koma fyrir og sinna í jafnþröngum húsakynnum, öllum þurfti að gefa kaffi, því gestrisni og greidasemi var þeim hjónum báðum í blóð borin; það ríkti á bak við höfðingslund. Bæði var það, að Hálfðan var frekar vel kynntur, og menn sóttust eftir að líta inn og spjalla við hann, því hann var ræðinn við gesti og þraut aldrei umræðuefni, enda maðurinn vel gefinn.

Ekki naut Hálfðan neinnar menntunar í æsku, lærði aðeins lestur hjá móður sinni og lítillaga að draga til stafs. Þó lærði hann að skrifa, en var alla tíð frekar stirt um það, en eftir að hann giftist, skrifaði konan allt fyrir hann, því hún skrifaði prýðisvel. Hálfðan las mikið, allt frá æsku fram á sín síðustu ár, jafnan nytsamar bækur og var óvenju fróður sem ómenntaður alþýðumaður. Ósmeykur var hann að fara í rökræður við hvern sem var, og vissi eg ekki til, að hann bæri þar lægri hlut frá borði, hvort heldur sem um var rætt biblíuna, fornsögur eða þá-tíma bókmenntir. Dönsku las hann.

Eftir að eg var orðinn fullþroska maður, átti eg oft samræður við Hálfðan, hann þá á efri árum, og fannst mér alltaf eg vera þar meira njótandi en veitandi, enda þótt eg hefði fengið meiri uppfræðslu í æsku.

Trúmaður var Hálfðan, en fór þó sínar leiðir sem annars staðar í trúarskoðunum. T.d. taldi hann ekki barnaskírni hafa neina þýðingu, sagði hana hvergi fyrirskipaða í ritningunni, en fermingu vildi hann láta framkvæma.

Nú verður það, þegar elzta barnið, Guðrún, lærir undir fermingu og er að lesa um skírnarsakramentið, að hún segir við föður sinn (þá voru öll börnin óskírð, en kölluð ákveðnum nöfnum): „Pabbi! Til hvers eigum við að læra skírnarsakramentið, þegar við erum óskírð og kölluð nafni eins og hundar?“ Þá gljúpnaði gamli maðurinn, og þetta varð til þess, að þegar Guðrún var fermd, var allur hópurinn skírður og ljósmyndaður. Mynd þessi hlýtur að vera til hjá afkomendum Hálfðans fyrir sunnan; gæti jafnvel verið til á Sauðárkróki.

Hálfðan var sæmilega hagorður, en lét aldrei skrifa neitt upp af

því sem hann orti, svo að þær vísur, sem til eru eftir hann, hafa aðeins lifað í minnum manna, og margt af því glatað.

Sjálfur á eg ekkert af lausavísum eftir Hálfðan. Hann talaði lítið um sinn kveðskap og aldrei að fyrri bragði. „Eg er búinn að gleyma því,“ sagði hann, ef á það var minnzt. Eg skal nefna hér eitt dæmi um, hvað form ferskeytlunnar var vakandi og grunnt á því hjá Hálfðani:

Maður hét Jóhannes Örn, hagrðingur fram í Lýtingsstaðahreppi. Orti hann bændavísur um Lýtinga. Hálfðan heyrði þær og þótti lítið til koma. Fleygði hann þá fram þessari vísu:

Á bændum óðaraldan skall,
Örn þá sprengdi keppinn,
ljóða svo að lepjan vall
um Lýtingsstaðahreppinn.

Einhver hafði náð vísunni og látið Jóhannes heyra. Nokkru síðar kemur Jóhannes út á Sauðárkrók og hefur ort svarvísu á Hálfðan. Vill þá svo til, að þeir hittast, og kemur þá vísan hjá Jóhannesi:

Að mér ljóða ýttir geir,
eitthvað vanur mærdar glingri.

Greip þá Hálfðan fram í og segir:

Harður ertu að hnoða leir,
þó hafir sár á hverjum fingri.

Jóhannes ætlaði að hafa seinni partinn svona:

Um mig skaltu ei yrkja meir,
annars báran fellur þyngri.

Ekki vissi eg til, að þetta yrði að óvildarmáli þeirra milli.

Eg held, að með síðustu vísu, sem Hálfðan gerði, hann þá orðinn rúmfastur, hafi verið þessi:



Hálfðan Kristjánsson.

Heyrnin víkja á burt er
einnig líka mælska og fér;
minnið svíkur, sjónin þver,
síðsta flíkin hentar mér.

Hálfðan var mikill skepnuvinur og hafði gaman af hestum. Átti hann gráan gæðing á sínum yngri árum, sem hann lét mikið af. Eitt sinn fékk Hálfðan lánaðan rauðan hest, sem Glói hét og var þekktur gæðingur; átti hann Árni Þorvaldsson í Hólkoti á Reykjaströnd, tengdasonur Hálfðans. Gerði þá Hálfðan vísu um hann í ferðinni:

Allri Glói eyðir þraut,
afbragðs klárinn létti.
Gaman er í grænni laut
gripnum á af spretti.

Eftir að Hálfðan fór að rétta við efnalega, keypti hann litla íbúð sunnarlega í bænum upp undir brekku, þar sem nú stendur hús Stefáns Pálssonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur frá Keflavík í Hegranesi. Var þetta að mestu torfbær, en þiljað innan og súðin svokölluð reisifjöl; var þetta lítið húsrými.

Utan við íbúðina byggði svo Hálfðan kindakofa og átti mörg ár nokkrar ær, sem hann hirti sjálfur sér til gamans á vetrum og fóðraði þær vel.

Nokkru eftir að Hálfðan fluttist til Sauðárkróks, hætti hann alveg vındrykkju og gekk í stúku, sem starfaði þar, og varð heitur starfsmaður þess félagsskapar.

Aldrei heyrði eg þess getið, að synir hans brögðuðu áfengi. Eftir að Hálfðan dó, fluttist hans fjölskylda til Reykjavíkur, og þar lézt Ingunn kona hans. Börn þeirra hjóna voru sex: Guðrún, Sigurbjörg, Margrét, Magnús, Kristján og Þorlákur. Komust öll til fullorðins-ára, vel látið og vel gefið dugnaðarfólk.

Elivoga-Sveinn var mikill kunningi Hálfðans. Gæti verið, að þar hafi þeir fundið einhvern andlegan skyldleika hvor hjá öðrum. Báðir vel gefnir, skapstórir, en niðurbrotnir af samskiptum við lífið og örlög þess, þó sinn á hvorn veg.

Eitt sinn, er talað var um hagrðinga hér í Skagafirði, sagði Hálfðan:

Honum fylgir ekki einn
óðs á hálu svelli.
Skagafjarðarskáldið Sveinn
skrefar það í hvelli.

Systur átti Hálfðan búsetta í Hofsósi. Til hennar kvað hann ljóðabréf, sem nú er glatað, að ég hygg. Í þessu ljóðabréfi biður Hálfðan hana að senda sér aftur ljóðabréf, en hún lítið hagnælt. Set eg hér niðurlagsvísur úr bréfi Hálfðans:

Ef þú verður alveg frá,
óvön bragarstími;
biddu Pál þér lið að ljá
að lumbra á mér í rími.

Ef að vill ei óðar stilla hörpu
ljósadamma lundur sá,
leitaðu fram með ánni þá.

Þú munt sanna, að þar er mann að finna,
sem óðs við kannast orðin snjöll,
ígultanni í goðahöll.

Þessi maður var Björn Schram, sem þá bjó á Hofi. Hinn var Páll Árnason, sem þá bjó í Hofsgærði.

Svo er hér ljóðabréf, sem Hálfðan sendi systur sinni Margréti, er fluttist til Ameríku, gift manni, sem Einar hét, og voru þeir æskuvinir Hálfðan og Einar.

Ljóðabréf til Margrétar Kristjánsdóttur:

Bráðum ævi brestur kveik,
bilar þrek í mundum.
Horfi eg á liðinn leik,
lít til baka stundum.

Sjaldan var mér lífið létt,
ljótan hlaut oft бага.
Séð hef eg þó sólskinsblett
suma ævidaga.

Einu sinni átti eg vor
innst í faðmi móður,
þar sem ást og æskuspor
ornaði trúargróður.

Enga þekkti eg auðarbrík
eins í dagsins störfum,
sívinnandi, reglurík,
ráðadrjúg í þörfum.

Löngum hennar lífsstarf var
að létta raunum þungu.
Helgan eld í hjarta bar,
en himneskt mál á tungu.

Oft hún fyrir okkur bað
um lífs dimmar slóðir.
Fáir hafa fengið að
faðma betri móðir.

Yndisvænan auka tón
öndin kæn og lóan.
Hugar mænir há mín sjón
á hólinn græna og flóann.

Með taum og hnakk á tréstaflum
teygði eg frakkur hramminn,
sem þá krakki sveif eg um
Svartabakka og hvamminn.

Mér þar lék um morgna og kvöld,
miklum gæddur auði.
Hafði eg þar hestafjöld,
hlunnadýr og sauði.

Brosti æska blíð og hlý,
báðum fannst þá gaman,
þegar að við frjáls og frí
frömdum leiki saman.

Veiddi eg silung ánni í
ýmsu þangað veitti.
Yndi hafði eg oft af því;
ánamöðkum beitti.

Þá var fjör og frelsi nóg,
fagurt æskuspjallið.
Brugðum oss í berjamó;
bezt var Hagafjallið.

Þar má vallar veglegt skraut
vor og sumar skoða.
Hrindir allri hugarþraut
Hagafjall og berjalaut.

Draup á hóla döggin þýð,
dillaði sóley bala,
blikaði fjólan hátt í hlíð
hreyfð af gjólu dala.

Þá við enga þekktum sút,
þýð var æskuglíman.
Svona gekk það oftast út
yfir sumartímann.

Á öllu þessu endir varð,
eftir tímans þræði,
þegar vetur gekk í garð
með grimmd og snjóáæði.

Þó að gerði snjó á snjó
og snerrum fjúka hreyfði,
aldrei var eg inni þó
ef að veður leyfði.

Yndi vann að aukast þá
unglings geði þekku,
þegar fanna fleyjum á
fór eg marga brekku.

Fannst mér lán að lifa þá,
ljómaði ís á sundum.
Þegar máni skein á skjá
skauta reyndi eg stundum.

Æfði eg brögðin ekki fá
oft á glímufundum.
Fannst þar þora flögð að sjá,
en flatur lá þó stundum.

Þegar á sviði samreiðar
sveif um götu beina,
indælast af öllu var
ólman fák að reyna.

Örlaganna óhemjan
ævi teygði vaðinn.
Æskan hvarf, en alvaran
aftur kom í staðinn.

Æði fátt mér féll í skaut
af fögrum heimsins gæðum.
Lagt hefur þó líkn með þraut
ljúfur guð á hæðum.

Elsku konan æruverð
eymda léttir gildi.
Eg er enn á ástaferð
undir guðdóms mildi.

Alla jafna bljúg og blíð,
blómið flestra svanna
mér hefur sýnt í harmahríð
hluttekningu sanna.

Þó að kjarkur færast fjær
og frek mig ellin beygi,
loga ástar leiftur skær
lífs á dimmum vegi.

Helzt það rauna reynist vörn,
rita eg það í bögur,
guð hefur okkur gefið börn
gáfnahraust og fögur.

Ill mig beygir örbirgðin,
elli og mæðuvaður.
Horfi eg oft á hópinn minn
hryggur bæði og glaður.

Örvinglast eg aldrei vann
undir fátæks nauðum.
Guð hefur og getur enn
gefið brauð mér snauðum.

Það er eitt mitt þyngsta mein
— þung eru ævinotín. —
Þó með hökti brigzlað bein,
boginn og hæruskotinn.

Það virðist sumum vizka grönn,
þó vitna eg alls ófeiminn,
að þegar vantar tóbakstönn
tryllist eg við heiminn.

Stundum gleði, stundum sút,
stundum gekk í haginn.
Svona líður ævin út
yfir sérhvern daginn.

Góða systir lið mér ljá,
lundu sýndu glaða.
Kysstu frá mér kampinn á
karlinn svartskeggjaða.

Hann sem ætíð lagði lið,
ljúfur mér í flestu.
Einu sinni vorum við
vinir allra beztu.

Þráfalt vinarþel hans fann,
þó að stutt þess nyti.
Eg skal muna ætíð hann
ævi fram að sliti.

Einlæg bróðurósk er mín
eins á nótt og degi:
Guð alvaldur gæti þín
grýttum heims á vegi.

Þegar hættum þraut við fást
og þrýtur æviveginn,
að hann lofi okkur sjást
í eilífð hinum megin.

Þennan flýtis orti óð
eg í næturleynum.
Sálarfóstrið sendu á glóð;
sýndu það ekki neinum.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI
Sími (95)5424

Hefur m.a. til sölu eftirtalin rit:
Skagfirðingabók, ársrit Sögufélagsins, 1.-17. hefti
Skagfirzkar æviskrár 1890-1910, I.-IV. bindi
Skagfirzkar æviskrár 1850-1890, I.-V. bindi
Ritsafn Stefáns á Höskuldsstöðum, I.-IV. bindi
Fólk og fróðleikur, afmælisrit Kristmundar á
Sjávarborg
Ættir og ódal, minningarrit Jóns á Reynistað

Hver er maðurinn?

Allgóður árangur varð í myndagetraun okkar í síðasta árgangi Safnamála 1987. Eftirtaldar myndir voru nafngreindar: Nr. 210 er af Margréti Pétursdóttur Eriksen, móður Kristjáns C. Magnússonar. Ábending frá Unu Pétursdóttur og Sigurbjörgu Jónsdóttur frá Gýgjarhóli. Nr. 211 er að öllum líkindum Gísli Guðmundsson veitingamaður á Sauðárkróki. Ábending Andrésar Valberg o.fl. Nr. 212 er af Kristjáni Blöndal póstafréiðslumanni á Sauðárkróki t.h. Hinn er enn ónafngreindur. Nr. 214 er Ólöf Þorvaldsdóttir frá Hofsósi. Á mynd nr. 215 eru börn Péturs Eriksen á Sauðárkróki, Lára, Margrét og Jens. Upplýsingar frá Unu Pétursdóttur og Sigurbjörgu á Gýgjarhóli. Nr. 221 er líklega Ingibjörg Danivaldsdóttir frá Litla-Vatnsskarði. Ábending Unu Pétursdóttur og Brynhildar Lárusdóttur. Nr. 223 er Kristján Sigurðsson frá Brenniborg, síðar kennari á Brúsastöðum í Vatnsdal. Ábending Sigurjóns Páls Ísakssonar og Stefáns Stefánssonar í Brennigerði. Nr. 227 er Friðrik Árnason „verts“ á Sauðárkróki. Ábending Unu Pétursdóttur. Nr. 231 er Sigríður Snæland frá Hafsteinsstöðum. Ábending Sigurbjargar frá Gýgjarhóli, Hauks Hafstað í Vík o.fl.

Óþekktar myndir að þessu sinni eru allar úr tveim stöðum komnar. Fyrri hlutinn er úr dánarbúi Lilju Sigurðardóttur í Ásgarði og fóstursonar hennar, Friðjóns Hjörleifssonar. Lilja var landskunn á sínum tíma og þekkti fjölda fólks um allt land. Myndir hennar kunna því að vera úr ýmsum áttum. Margar þeirra eru þó frá þessari öld, sumar ekki ýkjagamlar. Þetta á við um nr. 240-251. Þar er ljósmyndara ekki getið utan mynd nr. 240, sem merkt er Sigríði Zöega 1927. Nr. 252-255 eru teknar af Hallgrími Einarssyni ljósmyndara á Akureyri, nr. 256 af Carl Ólafssyni í Reykjavík, nr. 257-260 eru eftir Ól. Oddsson í Reykjavík, nr. 261-263 eru merktar

P. Brynjólfssyni í Reykjavík og nr. 264 tók Jón J. Dahlmann. Nr. 265 myndaði E. H. Arnórsson Akureyri, nr. 266 virðist úr Stykkishólmi, frá Sigurhans & Vigni. Nr. 267 mun tekin í Danmörku. Þar stendur aftan á: „Ég á yngri árum (1903). S. E. Til Lilju.“ Nr. 268 tók Pétur Hannesson á Sauðárkróki og Chr. B. Eyjólfsson mynd nr. 269. Nr. 270 er merkt A. Thorsteinsen í Reykjavík, en ljósmyndari ótilgreindur við allar hinar á bls. 30. Nr. 271-272 munu trúlega vera hjón. Þar stendur til skýringar: „A. H. 67. ára og G. S. 63 ára.“

Þá koma á bls. 31 og 32 myndir frá Reynistað, 18 talsins, en þau reynistaðarhjón, Sigurður Jónsson og Guðrún Steinsdóttir, afhentu Héraðsskjalasafninu s.l. sumar nokkuð á annað hundrað ljósmyndir. Hluti þeirra var ónafngreindur. Nr. 279-286 eru allar frá Sigfúsi Eymundson ljósmyndara í Reykjavík, en nr. 287 er tekin í Kaupmannahöfn. Nr. 288-290 eru gerðar á Akureyri, nr. 291-292 virðast teknar á Seyðisfirði af Hallgrími Einarssyni. Tvær hinar síðustu 295-296 eru eftir Arnór Egilsson.

Hj. P.



240



241



242


Safnamál . 26



243



244



245



246



247



248



249



250



251



252



253



254



255



256



257



258



259



260



261



262



263



264



265



266



267



268



269



276



273



270



277



274



271



278



275



272



285



282




279




286



283



280



287



284



281



288



289



290



291



292



293




294



295



296



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg,

Verzlun Haraldar
Júlíussonar

og hjá

Kára Jónssyni,
Smáragrund 16



útlán

BÓKASAFNIÐ


Mánudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Þriðjudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Fimmtudaga	kl. 7.30—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.30 s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

Mánudaga	kl. 1.00— 4.00 s.d.
Fimmtudaga	kl. 8.00—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA